



Fréttabréf FFA - apríl 2024

Ferðakynning FFA í VMA 4. apríl kl. 20:00

Ferðaáætlun FFA 2024 verður kynnt í heild sinni í máli og myndum þann 4. apríl kl. 20:00 í VMA. Barna- og fjölskylduferðir verða einnig kynntar auk hreyfiverkefna sumarsins.

Gestur kvöldsins verður Ragnhildur Jónsdóttir.

Erindið hennar heitir "**Aconcagua 7000m - hvers vegna?**".

Þar segir hún frá ferð sinni á hæsta tind Suður-Ameríku og hæðaraðlögun í þremur heimsálfum.

Kynningin er í VMA og hefst kl. 20:00, gengið inn að vestan.

Fréttir úr starfinu

Aðalfundur FFA 2024 var haldinn 4. mars og var vel sóttur. Þar var stjórnin endurkjörin og búið er að manna allar nefndir innan félagsins. Ef einhverjir félagsmenn vilja vera í nefnd hjá FFA þá geta þeir hinir sömu haft samband við einhvern úr stjórn því það er alltaf hægt að bæta góðu fólki við.

[Sjá nánar um fundinn á heimasíðu FFA.](#)

[Sjá einnig stjórn og nefndir 2024-2025](#)

Á skírdag fór vaskur flokkur frá björgunarsveitinni Súlum ásamt Hjalta Jóhannessyni formanni Bræðrafellsnefndar í Bræðrafell. Verkefnið var að flytja þurrsalerni á staðinn en Vatnajökulspjóðgarður leggur það til. Svona ferð þarf góðan undirbúning og útsjónarsemi.

Við þökkum björgunarsveitarmönnum í Súlum kærlega fyrir aðstoðina og Hjalta fyrir að skipuleggja þessa ferð í hvívetna og ekki síst VJP fyrir salernið.

Hér sjáum við tvær myndir úr þessari ævintýraferð sem gekk vel, en meira er að sjá á fésbókarsíðu FFA.

